

Nafn námskeiðs: **Heill haugur af smádýrum**

Staðsetning: Grænilundur í útistofunni í Heiðmörk

Tengt: Miðstig (5.-7. bekkur), Náttúrufræði, Yngstastig (1.-4. bekkur)

Nánari lýsing:

Heill haugur af smádýrum

Viðfangsefni: Smádýr í íslenskri náttúru.

Aldur: Yngsta stig.

Árstími: Vor, sumar, haust.

Tími: 2 kennslustundir.

Stutt lýsing: Nemendur skoða smádýr í smádýrahaug og reyna að greina þau með hjálp greiningalykils.

Kennslugögn: Upplýsingabæklingur, greiningalykill (má fá að láni í fræðslumiðstöð Skógræktarfélags Reykjavíkur í Elliðavatnsbænum í Heiðmörk).

Framkvæmd:

Kveikja: Kennari gengur með nemendum að smádýrahaug, veltir steini við og sýni nemendum hver fjölbreytilegt líf er þar í felum. Mælt er með því að kennari ræði við nemendur um mikilvægi þess að ganga um með virðingu því að haugurinn er búsvæði lífandi vera. Brýna þarf fyrir nemendum að fara varlega ef handfjatla á smádýrin.

Á vettvangi: Gott er að hafa nemendur tvo og tvo í hóp. Hver hópur velur sér eitt smádýr (hópar mega velja sama dýrið). Kennari breiðir út greiningarlykilsdúkinn og nemendur eiga að greina smádýrið sitt út frá honum. Ágætt er að kennarinn velji eitt smádýr og útskýri notkun lykilsins. Þetta má svo endurtaka.

Úrvinnsla og ígrundun: Kennari sest niður með nemendum og hver hópur segir frá sínu dýri, hvað var einkennandi og hvort nemendur hafi þekki dýrið áður.

Ef vinna á nánar með smádýrin er mælt með því að kennari skrái hjá sér eitt dýr sem hver hópur var með. Með því móti er hægt að vinna áframhaldandi vinnu í skólanum. Nemendur geta þá t.d. skrifað sögu um dýrið sitt, nefnt það og reynt að setja sig í spor þess.